

From: Hulda Rós Bjarnadóttir - VG <hulda.r.bjarnadottir@vegagerdin.is>
Sent: 3. febrúar 2021 12:07
To: Ketill Sigurður Jólsson <ketill@akureyri.is>
Subject: Verðbreytingar á farm- og fargjöldum Grímseyjarferjunnar Sæfara

Daginn

Akureyrabæ er hér með tilkynnt um fyrirhugaða breytingu á gjaldskrá Grímseyjarferjunnar:

Samskip hf. hafa óskað eftir verðbreytingu á farm- og fargjöldum Grímseyjarferjunnar Sæfara. Samkvæmt gildandi samning er heimild fyrir því með samþykki Vegagerðarinnar, en engin hækkun hefur verið á verðskrá síðan samningur tók gildi árið 2017.

Vegagerðin hefur samþykkt ósk Samskipa um hækkun og er hún með hliðsjón af samsettri vísitölu sbr. samning. Áætlað er að ný gjaldskrá taki gildi í maí 2021 en endanleg ákvörðun liggur þó ekki fyrir.

- Hækkunin er 12% á fargjöldum til Grímseyjar og 13% til Hríseyjar
- Hækkunin er 14% á farmgjöldum til bæði Grímseyjar og Hríseyjar.

Ásamt hliðsjón af samsettri vísitölu, tekur hækkunin mið af:

- Hækkun farm- og fargjalda Hríseyjarferjunnar Sævars sem tók gildi 1. Janúar 2021
- Hlutfall fargjalda milli Hríseyjar og Grímseyjar.
- Námundun verðs á fargjöldum, notendum ferjunnar í hag.

Sé þess óskað að koma með athugasemdir, vinsamlegast hafið samband hið fyrsta.

Með kv.



Hulda Rós Bjarnadóttir

sérfræðingur
Almenningssamgöngur

hrb@vegagerdin.is

specialist
Public Transport

[+354 522 1030](tel:+3545221030)

Vegagerðin
Icelandic Road and
Coastal Administration

Borgartún 5-7, 105 Reykjavík
vegagerdin.is